

5
1. febr.

ERINDISBRJEF

um

skoðunarmenn bifreiða.

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skipar skoðunarmenn bifreiða og skulu þeir framkvæma störf sín samkvæmt reglum þeim og öðrum fyrir-mælum er ráðuneytið setur þeim.

Starfið er uppsegjanlegt af báðum aðiljum með 6 mánaða fyrirvara miðað við 1. janúar og 1. júlí.

2. gr.

Skoðunarmenn mega ekki hafa önnur launuð störf á hendi, nema með leyfi ráðuneytisins, nje á neinn hátt vera riðnir við verslun með bifreiðar, bifreiðarluta eða annað, sem til bifreiða þarf, eða til viðgerða á þeim eða á annan hátt hafa með höndum önnur störf sem álitíð verður, að gætu haft áhrif á óhlutdræg fyrir-mæli þeirra eða framkomu.

Skoðunarmaður má því ekki gefa vottorð í málum þeim, sem undir hann teljast, nema að tilhlutun eða samkvæmt fyrirskipun embættismanna þeirra, er þau mál hafa með höndum. Sjerstaklega á þetta við mál, sem eru fyrir rjetti eða búast má við, að verði skotið til dómstólanna.

3. gr.

Skoðunarmaður skal framkvæma starf sitt samviskusamlega og eftir bestu vitund og gæta um skoðunina sjerstaklega ákvæða reglugjörðar frá 1. febrúar 1928 um skoðun bifreiða.

4. gr.

Skoðunarmaður skal hafa á hendi prófun bifreiðarstjóra í umdæmi hans samkvæmt reglugjörð 1. febrúar 1928 um prófun bifreiðarstjóra. Fyrir prófunina skal hann fá það gjald, sem ákveðið er í reglugjörð um prófun bifreiðarstjóra.

5. gr.

Skoðunarmanni skal skylt að kæra þegar fyrir lögreglustjóra ef hann verður var við, að brotin eru einhver ákvæði bifreiðalaganna eða reglugjörða, sem samkvæmt þeim eru sett.

Sjerstaklega ber honum að hafa eftirlit með, að ekki sjeu brotin ákvæði laganna um ökuskírteini fyrir bifreiðarstjóra, um að bifreiðarstjóri sje ekki við akstur undir áhrifum áfengra drykkja og um ökuhraða bifreiða. 5
1. febr.

Svo skal hann og gæta þess að löggiltir kennarar í bifreiðaakstri hagi kenslunni samkvæmt ákvæðum reglugjörðar, er þar um gildir.

Hann skal og gæta þess, að ekki sje þrengt að bifreiðarstjóra af farþegum í framsæti bifreiðar, svo að honum verði stjórn bifreiðarinnar ótryggari.

Skoðunarmaður skal banna ölvuðum bifreiðarstjóra að stýra bifreið og er heimilt ef honum þykir ástæða til, að taka bifreið af honum og skal hann gæta þess að kæra slíkt brot þegar í stað fyrir hlutaðeigandi lögreglustjóra.

Skoðunarmaður skal, þegar honum þykir ástæða til, leiða hinn brotlega fyrir lögregluna.

Skoðunarmanni skal skylt að aðstoða lögregluna eftir föngum í öllum lögreglumálum, er snerta bifreiðar.

6. gr.

Skoðunarmanni ber að halda dagbók og skrá þar stutt yfirlit yfir störf sín daglega. Dagbók og önnur eyðublöð til afnota í starfinu fær skoðunarmaður hjá vegamálastjóra.

7. gr.

Skoðunarmanni er skylt að fyrirlagi ráðuneytisins eða í umboði þess að fyrirlagi vegamálastjóra eða samkvæmt beiðni lögreglustjóra eða sýslumanns, að takast á hendur skoðun bifreiða utan síns umdæmis. Fyrir slíka skoðun ber eiganda bifreiðar að greiða kr. 3.00 í hvert sinn, auk ferðakostnaðar skoðunarmanns á sama hátt og innan umdæmis, sem jafnast að tiltölu á allar bifreiðar, sem skoðaðar eru í sömu ferð. Skal hlutaðeigandi lögreglustjóri úrskurða slíkan reikning og greiða skoðunarmanni, en eigendur bifreiða endurgreiði lögreglustjóra hver sinn hluta kostnaðarins.

8. gr.

Til þess að framkvæma skoðunina eða önnur skyldustörf skal skoðunarmaður ferðast um umdæmi sitt eftir þörfum. Skal hann í því efni fara eftir fyrirmælum ráðuneytisins eða vegamálastjóra í umboði þess og lögreglustjóra í umdæmi sínu.

Á ferðalögum fá skoðunarmenn greiddan ferðakostnað, sem hjer segir:

5 1. febr. Fargjöld samkvæmt kvittuðum frumreikningum og auk þess fæðispeninga kr. 5.00 fyrir hverja nótt, sem þeir eru fjarverandi utan heimilis þeirra.

Reikninga fyrir ferðakostnað greiðir vegamálastjóri og skulu skoðunarmenn senda honum þá á hverjum ársfjórðungi.

9. gr.

Fyrir starf sitt fá skoðunarmenn þetta kaup:

1. Skoðunargjald 10 kr. árlega af hverri bifreið og bifhjóli sem skrásett er í umdæmi þeirra.
2. Prófgjöld samkvæmt reglugjörð um próf fyrir bifreiðarstjóra.
3. Fyrir önnur störf, er skoðunarmenn inna af hendi samkvæmt erindisbrjefi eða að sjerstöku fyrirlagi ráðuneytisins fá þeir sjerstaka þóknun, er ráðuneytið ákveður fyrir hvern einstakan þeirra. Þar sem fleiri en einn skoðunarmaður er í sama umdæmi, skiftist greiðsla samkvæmt 1. og 2. lið jafnt milli þeirra, enda sýni dagbók þeirra, að þeir hafi stundað starfið nokkuð jafnt.

Ríkisfjehirðir greiðir skoðunarmönnum í Suðurlandsumdæmi kaup þeirra mánaðarlega eftir á fyrir hvern mánuð með upphæð er ráðuneytið ákveður í byrjun hvers árs.

Í lok hvers árs eða svo fljótt, sem ríkisfjehirði hefir borist skilagrein fyrir greiddum skoðunargjöldum og prófgjöldum í umdæmi skoðunarmanns, greiðir ríkisfjehirðir skoðunarmanni eftirstöðvar af árskaupi hans ef einhverjar eru.

Á sama hátt greiðir sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu skoðunarmanni þar kaup hans mánaðarlega.

10. gr.

Ef veikindi eða önnur lögleg forföll hamla skoðunarmanni frá að stunda starf sitt, skal hann þegar tilkynna það þeim lögreglustjóra, þar sem hann er búsettur.

Geti skoðunarmaður af einhverjum ástæðum ekki gegnt starfi sínu um tíma, vegna veikinda eða annara forfalla, getur ráðuneytið krafist þess, að hann ráði annan mann til þess að gegna þeim störfum sem ekki má fresta, enda samþykki ráðuneytið þann til starfans og setji hann til þess á kostnað og ábyrgð hins reglulega skoðunarmanns.

Skoðunarmanni er ekki heimilt að fara í ferðalög út fyrir umdæmi sitt nema með leyfi lögreglustjóra, þar sem hann er búsettur.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. febrúar 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.